



Ört vaxandi fyrirtæki

Þjónusta Íslandsbanka við ört vaxandi fyrirtæki



Yfirlit

HANDVE

Yfirlit

Íslandsbanki vill sýna vaxtarfyrirtækjum athygli og mæta þörfum þeirra á viðeigandi hátt.

Þannig vill bankinn veita þessum fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu með það að augnamiði að fylgja þeim í gegnum vaxtarferilinn. Það gerir bankinn með því að mæta þörf þeirra fyrir fjármögnun og aðra þjónustu og vera viðskiptabanki þeirra þegar þroska er náð.

Veltureikningur





Óbundinn og óverðtryggður bankareikningur sem tengja má við debetkort



Ávallt opinn fyrir inn- og útborgunum



Hægt er að millifæra og fylgjast með stöðu reikningsins í netbanka og appi



Hægt er að sækja um yfirdráttarlán

Sparireikningar





Sparireikningar bera hærri vexti en veltureikningar



Hægt er að velja á milli bundinna og óbundinna reikninga




Verðtryggðir og óverðtryggðir reikningar eru í boði



Gjaldeyrisreikningur getur t.d. hentað þeim sem eru með tekjur í erlendri mynt

Innheimtupjónusta til að innheimta tekjur





Innheimtupjónusta Íslandsbanka tryggir hagstæða og skilvirka innheimtu á viðskiptakröfum. Fyrirtæki spara bæði tíma og peninga með því að nota innheimtupjónustuna og hún auðveldar yfirsýn yfir kröfusafn fyrirtækisins hvort sem er í netbankanum eða appinu.



Þægilegt aðgengi í netbanka og appi



Auðvelt að tengja innheimtupjónustuna beint við bókhaldskerfi



Hægt að stofna, breyta og fella niður kröfur



Ef krafa fer fram yfir eindaga er þægilegt að senta ítrekun á greiðanda

A person with long brown hair, wearing a white long-sleeved shirt, is sitting at a wooden desk. They are holding a red pen and writing in a spiral-bound notebook. Their left hand, which has a ring on the ring finger, rests on the notebook. On the desk, there is also a white mug, a glass of water, and a red folder. In the background, a computer monitor is visible, along with some green plants. The text "Rafrænir reikningar – samstarf Íslandsbanka og Payday" is overlaid on the image in a large, white, sans-serif font.

Rafrænir reikningar – samstarf Íslandsbanka og Payday

Smærri fyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstaklingar einfalda reikningagerð, bókhald, launagreiðslur, kröfustofnun og skil á opinberum gjöldum með því að nota Payday.



Einfalt og fljótlegt að stofna reikninga og senda til viðskiptavina



Fullgilt bókhaldskerfi



Tenging við innheimtukröfur og ógreidda reikninga í netbönkum



Einfaldar reikningagerð og launagreiðslur og eykur yfirsýn



Sjálfvirk skil á VSK skýrslu, launatengdum gjöldum og skilagreinum ásamt greinargóðum yfirlitum

Greiddslukort



Fyrirtæki geta valið á milli mismunandi korta og ýmissa fríðinda sem tengjast t.d. ferðalögum.



Fyrirtæki geta notað greiðslukort fyrir hefðbundin útgjöld, boðgreiðslur, ferðalög ofl



Tenging við Vildarpunkta Icelandair og aðgangur að betri stofu í Leifsstöð



Aðgangur að yfir 1.300 betri stofum í yfir 600 borgum með Priority Pass

Kvittanir í bókhaldið



Kvittanir í bókhaldið er heildstæð lausn fyrir fyrirtæki til að halda utan um útgjöld starfsmanna á kortum. Það gerir korthöfum kleift að skrá kvittanir og upplýsingar um kaup um leið og þau eiga sér stað. Kerfið einfaldar til muna vinnu við að færa bókhald. Sinntu rekstrinum og hættu að elta pappír.



Þægindi og tímasparnaður



Taktu mynd af kvittun og færslurnar rata alla leið í bókhaldið



Betri lausn til að halda utan um kostnað starfsmanna á kortum



Betri yfirsýn í rauntíma



Kröfu- og birgðafjármögnun

Kröfu- og birgðafjármögnun hentar öllum tegundum fyrirtækja sem selja vörur eða þjónustu gegn gjaldfresti. Kröfufjármögnun er kröfu- og birgðalán sem fyrirtækjum er veitt til að mæta sveiflum í veltufjármunum. Tilgangur lánanna er að fjármagna útgefna kröfur og einnig að fjármagna vörubirgðir samhliða kröfunum. Þetta er því einföld leið til að fjármagna fyrirtæki með jafnara tekjustreymi.



Fyrirtækið fær lánað út á kröfu- og birgðasafnið sitt og nær þannig peningum á skjótan hátt inn í reksturinn



Betri fjárstýring, yfirsýn og utanumhald á einum stað



Hægt að senda vanskilakröfur rafrænt til milliinnheimtu-fyrirtækis sem ráðstafa greiðslum beint inn á reikning kröfuhafa



Við veitum persónulega þjónustu og afgreiðum fjármagn að jafnaði innan sólarhrings.



Sunnusm

Lán út á væntanlega
endurgreiðslu á
þróunarkostnaði
frá Rannís

Fyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu Rannís á rannsókn-
eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti
skv. lögum nr. 152/2009. Sé álagður tekjuskattur lægri en
ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur
vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út.

Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu (og geti þar
með nýtt sér skattfrádrátt) er að það teljist rannsóknar-
eða þróunarverkefni samkvæmt lögum og einnig að:



Hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun
sé vel skilgreind, og



Sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 1 milljón
króna til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og



Starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem
hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Sjá nánar á vef Rannís:

rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/

Frumkvöðlasjóður



Við viljum vera hreyfiafl til góðra verka og styðja við sjálfbæra þróun í samfélaginu. Við veitum styrki til verkefna sem styðja við þau fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki hefur valið að leggja sérstaka áherslu á:



Menntun fyrir öll



Jafnrétti kynjanna



Nýsköpun og uppbygging



Aðgerðir í loftslagsmálum

Hægt er að sækja um styrk á bilinu 500.000 - 5.000.000 kr.

Nánari upplýsingar má finna á
islandsbanki.is/frumkvodlasjodur

